

Nd. **1355. Nefndarálit** [404. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á tveim fundum. Sjávarútvegsráðherra sat annan fund nefndarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. l. nr. 44/1976.

Guðmundur Einarsson mun gera grein fyrir séráliti sínu.

Alþingi, 19. júní 1985.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Gunnar G. Schram.

Halldór Blöndal.

Ingvar Gíslason.